

**Nd.**

**255. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Siglufjörð.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

1. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina, svo langt sem lögsagnar-  
umdæmi Siglufjarðar nær, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur  
mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla  
upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki bæjarstjórnar komi til.

Sá, sem gera vill slik mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni  
um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þyk-  
ir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra  
eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort  
leyfið skuli veitt. Skjóta má þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum, frá 10—200 kr., og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í samfleytt 5 ár, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burtu án endurgjalds til eiganda.

## 2. gr.

Nú hefir hafnarnefnd leyft mannvirki við höfnina, sem ekki hafa verið eða eru að fullu framkvæmd innan þriggja ára frá því að leyfi hafnarnefndar var fengið, og getur hafnarnefnd, ef höfninni, að álitni nefndarinnar, stafar hætta af að mannvirkin sjeu ekki að fullu framkvæmd, krafist, að mannvirkin verði framkvæmd að fullu, ella getur hafnarnefnd látið fullgera mannvirkin á kostnað þess, sem hefir beðið um leyfi til mannvirkjanna, en ekki fullgert þau. Svo er hafnarnefnd heimilt, þegar svo stendur á, að heimta, að mannvirkin verði tekin burtu á kostnað byggjanda eða eiganda mannvirkjanna, ef höfninni, að álitni hafnarnefndar, stafar hætta af þeim hluta mannvirkjanna. Nú er þeirri kröfu hafnarnefndar eigi sint, og getur hafnarnefnd þá látið taka burt þau mannvirki á kostnað byggjanda eða eiganda mannvirkjanna. Fyrir kröfum þeim, sem rísa kunna út af þessu, hefir hafnarnefndin lögtaksrjett í hinum ófullgerðu mannvirkjum og lögveð, er gengur á undan öllum veðböndum.

Nú rísa mál út af ófullgerðum mannvirkjum við höfnina, sem maður eða fjelag er eigandi að, sem ekki er búsett hjer á landi, og skal þá bæjarfógeti Siglufjarðar útnefna mann fyrir hönd þess manns eða fjelags, til þess að taka á móti stefnubirtingu, og er eigandi og veðhafi mannvirkjanna bundinn við málfutning þess manns uns sett hefir annan í hans stað. Mál út af slíku skulu rekin fyrir gestarjetti Siglufjarðarkaupstaðar. Hafnarnefnd er aðili slíks máls, en ákvörðun hennar um málshöfðun er þó því aðeins gild, að bæjarstjórn Siglufjarðar samþykki. Nú ræðir um mannvirki, sem beðið hefir verið um leyfi til að byggja og byrjað á áður en lög þessi ganga í gildi, og skal þá engri málshöfðun hreyft fyr en liðið er ár frá því lög þessi gengu í gildi, þótt leyfi hafnarnefndar sje 3 ára eða eldra og kröfum hafnarnefndar ekki sint.

## 3. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

## 4. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórn kys á sama hátt og aðrar nefndir samkvæmt bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, og sjeu 2 þeirra utan bæjarstjórnarinnar. Formaður bæjarstjórnarinnar er einnig formaður hafnarnefndarinnar. Enginn

getur skorast undan endurkosningu í hafnarnefnd, fyrir en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni.

Nefndin sjer um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmðum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

5. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndar.

6. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald mannvirkja hafnarinnar og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðar, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugerð, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Ljós gjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggju í lögsagnarumdæminu, innan takmarka hafnarinnar.

Af bryggjum einstakra manna má gjaldið þó aldrei vera hærra en helmingur af gjaldi því, er skip greiða fyrir að liggja við bryggjur hafnarsjóðsins. Þó greiða bryggjueigendur ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum.

5. Festargjald af skipum, er nota festar eða legufæri hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Siglufjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi og ljósgjaldi. Öll gjöld til hafnarsjóðsins og tekjur hans má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum, á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjar-  
arsjóðsins, og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar.

11. gr.

Nú hefir bæjarstjórn i hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu tillögur um það efni. Skal það gert svo timanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðsins er samin.

12. gr.

Komi það i ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætludum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn i tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndarinnar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að vikja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið nje stofna til tekjuhállans.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári og efnahagsreikning hans.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjar-  
sjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjar-  
arstjórninni, skal síðan senda stjórnarráðinu.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugerðum renna i hafnarsjóð.

15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem risa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lagaákvæði viðvikjandi Siglufjarðarhöfn, er fara í bága við lög þessi.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk bæði bæjarstjórnar og hafnarnefndar Siglufjarðarkaupstaðar og er að mestu samhljóða hafnarlögum Ísafjarðar, er samþykkt voru á síðasta þingi.

Að þessa er óskað, stafar af því, að allar bryggjur á Siglufirði eru annað tveggja einstakra manna eign eða einstakra fjelaga, og á meðan svo er, þá á bæjarfjlagið altaf á nokkurri hættu um slíkar framkvæmdir og afnot á þeim mannvirkjum, og sömuleiðis einstakir menn.

Það er því fyllsta ástæða til að heimila bæjarstjórn og hafnarnefnd verulega ihlutun um þær breytingar, er einstakir menn eða fjelög hyggjast að gera á hafnartækjum sínum, svo þær komi ekki að neinu leyti í bága við eða verði til tjóns hinum öðrum viðtækari framkvæmdum, er höfnina snerta, í þarfir kaupstaðarins.